

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2022

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030,
575. mál.**

Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði (FSKS) fagnar framkominni þingsályktunartillögu um stefnu í geðheilbrigðismálum til 2030.

Geðheilbrigðismál hafa sjaldan verið jafn aðkallandi og núna. Um langt skeið hefur verið til staðar vandi varðandi geðheilbrigðiskerfið sem hefur meðal annars tengst takmörkuðu aðgengi almennings að greiningu, bestu mögulegu meðferð við geðrænum vanda og óskilvirkni í kerfinu. Þörf fyrir viðeigandi geðheilbrigðisþjónustu er mikil. Leiða má líkum að því að í kjölfar Covid 19 muni þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu vaxa. Nýleg skýrsla Ríkisendurskoðunar¹ staðfestir umfang vandans og þörf fyrir umbætur. Vegna þess að almenningur hefur ekki haft greiðan aðgang að greiningu og meðferð sálfræðinga og annarra geðheilbrigðisstarfsmanna hefur vandi aukist og orðið meiri en þurft hefði. Það undirstrikar hversu mikilvægt er að ljúka við samninga við klíníska sálfræðinga í samræmi við samþykkt Alþingis². (mál nr. 513)

Afar mikilvægt er að fyrir liggi vönduð og ígrunduð stefna um geðheilbrigðismál. Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði telur að nú sé tækifæri til umbóta. Miklu máli skiptir að stefnan verði skýr og henni fylgi ítarleg aðgerðaráætlun.

Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri varðandi stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030:

¹ <https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2022-gedheilbrigdismal.pdf>

² <https://www.althingi.is/altext/149/s/0842.html>

Í tillögu þingsáætlunar um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030 segir:

1 a. Geðrækt, forvarnir og snemmbær úrræði verði grundvöllur geðheilbrigðis einstaklinga. Innleiðingu verði lokið á þeim grundvallarþáttum aðgerðaáætlunar um geðræktarstarf, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem flokkast undir heilbrigðisþjónustu.

Flest geðræn vandamál hefjast á unglingsárum eða snemma á fullorðinsárum. Því tekur FSKS undir mikilvægi þess að veita þeim þjónustu sem sýna merki geðræns vanda til þess að byrgja brunn frekari vandkvæða síðar. FSKS áréttar mikilvægi þess að veita viðeigandi geðfræðslu, en ekki síður að grípa inn í vanda þeirra sem sýna einkenni um geðrænan vanda.

2b. Stöðum í sérnámi og framhaldsnámi í geðheilbrigðisþjónustu fjölgi í samræmi við þjónustupörf. Námið mæti kröfum um samþættingu, samvinnu og hæfni.

FSKS tekur undir mikilvægi þess að fjölga stöðum í framhaldsnámi í geðheilbrigðisþjónustu og leggur ríka áherslu á að komið verði á sérnámi í klínískri sálfræði barna og fullorðinna hérlendis eða í samstarfi við nágrannaþjóð svo sem Noreg.

3. Notendasamráð og notendamiðuð þjónusta verði á öllum stigum geðheilbrigðisþjónustu. Áherslur til ársins 2030 verði eftirfarandi:

a. Stöðugri þróun og umbótum í málaflokknum verði mætt með Geðráði, breiðum samráðsnettvangi um geðheilbrigðismál, sem hafi bæði ráðgefandi og stefnumótandi hlutverk.

FSKS er fylgjandi því að sett verði á stofn Geðráð, en leggur áherslu á að vandað verði til skipan þess.

4. Nýsköpun, vísindi og þróun leiði til betri geðheilbrigðisþjónustu og bættis aðgengis. Áherslur til ársins 2030 verði eftirfarandi:

a. Almennigur hafi greitt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu óháð búsetu, geti valið um þjónustuleið og nýtt fjarheilbrigðisþjónustu eða aðrar tæknilausnir eftir þörfum.

FSKS fagnar því að almenningur hafi greiðan aðgang að geðheilbrigðisþjónustu og geti valið sína þjónustuleið hvort sem leitað er þjónustu til hins opinbera eða sjálfstætt starfandi sálfræðinga sem veita greiningu og gagnreynda meðferð. Í þessu samhengi er áréttað að gengið verði til samninga við sálfræðinga þannig að greiðsluþáttaka hindri fólk ekki í að sækja nauðsynlega sálfræðiþjónustu með tilheyrandi kostnaði einstaklinga, fjölskyldna og samfélagsins í heild.

b. Rannsóknir og nýsköpun í þverfaglegri geðheilbrigðisþjónustu verði í ríku mæli hluti af starfi heilbrigðisstofnana og í virku samstarfi við háskólasamfélagið.

FSKS tekur undir mikilvægi rannsókna og nýsköpunar í geðheilbrigðisþjónustunni í samstarfi við háskólastofnanir til að auka þekkingu og valkosti í meðferð. Það er von FSKS að þessari stefnu fylgi greiðari aðgangur geðheilbrigðisstarfsmanna að rannsóknar- og nýsköpunarstyrkjum hvort heldur sem þeir starfa hjá hinum opinbera eða sjálfstætt.

Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði vill jafnframt koma eftirfarandi ábendingum á framfæri varðandi stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030:

1. Félagið leggur áherslu á að byggja í auknum mæli á einkaframtaki, nýsköpun og rannsóknum til að mæta uppsafnaðri þörf eftir greiningu og meðferð klínískra sálfræðinga.
2. Kostnaður við þjónustu sérfræðinga í klínískri sálfræði í greiningu og meðferð getur verið hagkvæmari kostur en verk unnin innan opinbera kerfisins.
3. Félagið leggur áherslu á að tekið verði mið af þörfum ólíkra hópa t.d. aldraðra, langveikra, fatlaðs fólks og nýbúa.
4. Félagið leggur áherslu á mikilvægi taugasálfræði, ekki síst fyrir börn, unglunga og ungt fólk, sem tekst á við raskanir í taugaþroska af meðfæddum eða á komnum toga og eru í aukinni áhættu um vanlíðan og kvíða. Hér hjálpar snemmtæk íhlutun af taugasálfræðilegum toga, greining, ráðgjöf, meðferð, hæfing eða endurhæfing og eftirfylgd.
5. Félagið telur mikilvægt að Sjúkratryggingar Íslands gangi án tafar til samninga við sérfræðinga í klínískri sálfræði og fjármagn verði veitt í samræmi við umfang verkefna. Í þeim samningi þarf að gera ráð fyrir handleiðslu og endurmenntun.
6. Félagið lýsir ánægju með eftirfarandi í stefnu ráðuneytisins: „Heilbrigðisráðuneytið tekur undir það en leggur áherslu á að í stefnunni er fjallað heildrænt um geðheilbrigðisþjónustu óháð því hver sé þjónustuveitandinn, þ.e. hvort það er hið opinbera eða einkarekið framtak.“
7. Félagið leggur áherslu á mikilvægi þess að samþætta geðheilbrigðisþjónustu við aðra velferðarþjónustu og sérfræðiþjónustu skóla.
8. FSKS telur mikilvægt að boðin séu úrræði þegar vanda verður vart og koma þannig í veg fyrir að vandinn aukist.
9. FSKS leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að sú þjónusta sé í samræmi við klínískar leiðbeiningar um gagnreyndar aðferðir.
10. FSKS telur mikilvægt að árangursmæla gæði og þjónustu sem veitt er.
11. FSKS óskar eftir að veita umsögn um aðgerðaráætlun sem unnin verður samhliða stefnu í geðheilbrigðismálum og er tilbúið til frekari aðkomu að stefnumótuninni.

Fyrir hönd Félags sérfræðinga í klínískri sálfræði,

Eiríkur Örn Arnarson, prófessor emeritus og sérfræðingur í klínískri sálfræði

Sigurbjörg Jóna Ludvigsdóttir, sérfræðingur í klínískri sálfræði

Kristbjörg Þórisdóttir, sérfræðingur í klínískri sálfræði